



Starfsleyfi

fyrir vöruflutningamiðstöð

Nafn fyrirtækis: Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórð ehf.
Kennitala: 480794-2069
Nafn forsvarsmanns: Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Netfang: trukkur@bifreidastod.is

Heimilisfang: Smiðjuvellir 15
Póstnúmer: 300 Akranes
Fasteignanúmer: 2333232
Sími: 431-1500

Útgáfudagur leyfis: maí 2021

Gildir til: maí 2033

1. Almenn atriði:

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, laga um matvæli nr. 93/1995, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur fellur starfsleyfið úr gildi. Heimilt er að yfirfæra starfsleyfi yfir á nýjan rekstraraðila. Slíka breytingu þarf að tilkynna til leyfisveitanda þannig að hægt sé að meta hvort sækja beri um nýtt leyfi.

Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018.

2. Gjaldskylda:

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talið starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjaldið er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Hvalfjarðarsveit, maí 2021

Fylgiskjal

Starfsleyfisskilyrði fyrir vöruflutningamiðstöðvar

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir vöruflutninga og vöruflutningamiðstöð í iðnaðarhúsnæði að Smiðjuvöllum 15, Akranesi. Auk þess er veitt leyfi til minniháttar viðgerða á eigin vélum og tækjum.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda verði hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag.
- 1.3 Heilbrigðisnefnd getur gert auknar kröfur ef aðstæður krefja.

2. FLUTNINGUR Á MATVÆLUM

- 2.1 Halda skal flutningatækjum og/eða gámum, sem notuð eru við flutning matvæla, hreinum og þeim skal haldið vel við og í góðu standi þannig að matvæli séu varin gegn mengun.
- 2.2 Flutningatæki skulu vera þannig hönnuð og byggð að unnt sé að þrifa þau eða sótthreinsa á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Fyrirtækið skal setja upp og starfrækja innra eftirlit, sbr. 10 gr. matvælalaga nr. 93/1995 og skulu flutningatæki og geymslur þrífarnar í samræmi við það.
- 2.4 Matvörur skulu fluttar og geymdar við það hitastig sem um getur á umbúðum og unnt skal vera að fylgjast með hitanum.
- 2.5 Ef flutningatæki eru notuð til að flytja matvæli og einhvað annað með þeim, eða til að flytja mismunandi matvæli í einu skal, ef nauðsyn krefur, halda vörunum aðskildum.
- 2.6 Matvælum í flutningatækjum skal komið þannig fyrir og þau skulu varin þannig að hættu á mengun sé haldið í lágmarki.
- 2.7 Matvæli í lausu, fljótandi, kornuðu- eða duftformi skal flytja í tönkum, gámum eða geymum sem eingöngu eru notaðir til að flytja matvæli. Slíkir gámar skulu merktir greinilega.

3. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegri og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur skal beita bestu fánlegu tækni og taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta.
- 3.2 Allar vélar, tæki og annað sem starfsemi tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrífum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 3.3 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.4 Þar sem hættu er á að fljótandi úrgangur, svo sem olíur eða olíuefni fari niður, ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, t.d. uppsogsmottur eða sag.
- 3.5 Takmarka skal hávaða frá starfsemi eftir því sem kostur er. Taka skal mið af reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.6 Úrgangur, skal flytja til eyðingar eða endurvinnslu. Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.

4. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

- 4.1 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tilrækar á vinnustað.
- 4.2 Verði óhapp eða slys við meðhöndlun hættulegra efna eða spilliefna, þannig að hættu sé á umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings, ber tafarlaust að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast umhverfismengun og slys á fólki. Tilkynna skal atvikið til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins fljótt og auðið er.
- 4.3 Fyrirtækið skal safna öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi þess og skal þeim skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar. Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna eða blanda við annan úrgang.

Greinargerð

Umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri vöruflutningamiðstöðvar barst Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann 20. nóvember 2020. Um er að ræða rekstur í iðnaðarhúsnæði að Smiðjuvöllum 15 á Akranesi.

Úttekt fór fram á húsnæðinu af hálfu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þann 17. desember sl.

Engin athugasemd var gerð í eftirliti en komið var með nokkrar ábendingar.

Engin olúskilja er tengd fráveitu frá húsnæðinu en rekstraraðili skal tryggja að olía eða önnur mengandi efni berist ekki í fráveituna.

Drög að starfsleyfi eru nú auglýst á heimasíðu HeV frá 28. apríl til 26. maí 2021 sbr. ákvæði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.